

Alþingi  
Erindi nr. P 137/33/  
komudagur 22. 6. 2009

Nefndasvið Alþingis,  
Efnahags- og skattanefnd,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 22. júní 2009.

**Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (118. mál).**

Undirritaður gerir eftirfarandi athugasemdir við XII. kafla frumvarpsins, þann hluta þess sem snýr að lögum nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl.


Vissulega má taka undir með höfundum frumvarpsins, að sú ráðstöfun, að sóknargjöld þessara einstaklinga renni til Háskólasjóðs, sé arfleifð frá fyrri tíð þegar aðeins einn háskóli var í landinu. Frá sjónarhóli annarra háskóla landsins er því um breytingu í réttlætisátt að ræða, en annað gildir um þá trúlausu einstaklinga sem færðir eru nauðungaflutningum með þessum gjörningi. Raunar mætti segja að með þessu sé tekinn upp sérstakur trúleysisskattur í landinu, en um það verður ekki fjallað hér.

Þá sátt sem þó hefur ríkt um innheimtu sóknargjalda af einstaklingum sem standa utan trúfélaga má að miklu leyti rekja til þess að þeim hefur þótt ljóst að féð rynni til góðra starfa hjá ýmsum stofnunum innan Háskóla Íslands. Téð frumvarp mun hafa í för með sér allmikla breytingu á stöðu þeirra sem ekki eru skráðir í trúfélög. Sambærilegar breytingar á lögum um sóknargjöld hafa til þessa verið teknar um áramót, eða á sama tíma og sóknargjald einstaklinga er ákvarðað fyrir hvert gjaldár. Því skýtur skökku við að 23.-26. gr. frumvarpsins er ætlað að öðlast gildi 1. júlí 2009.

Það hlýtur því að teljast eðlileg krafa að viðbótarákvæði verði bætt til bráðabirgða í lög nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. Þannig verði einstaklingum sem svo kjósa gert kleift að breyta trúfélagsskráningu sinni fyrir 1. júlí nk., og sú breyting taki gildi við úthlutanir sóknargjalda 15. þess mánaðar. Þetta bráðabirgðaákvæði mætti svo falla úr gildi í lok þessa árs, svo aftur verði miðað við trúfélagsskráningu 1. desember.

Einnig væri hægt að breyta varanlega lögum nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl., þannig að úthlutun sóknargjalda verði endurskoðuð mánaðarlega, á grundvelli trúfélagaskráningar einstaklinga hverju sinni. Slíkur ráðahagur væri eðlilegri lausn, þar sem árlegar breytingar af þessu tagi eru arfleifð frá fyrri tíð, þegar tölvukerfi voru frumstæðari og erfiðara að tengja saman í rauntíma gögn þjóðskrár og fjársýslu.

Virðingarfyllst,



Andrés Ingi Jónsson,  
átakafræðingur.